



Skátafélagið
Landnemar

Skátalíf er Útilíf!





Drekaskátar 7-9 ára

Lífið er ævintýri. Drekkaskátar mæta á vikulega fundi undir stjórn reyndra foringja. Á meðal verkefna er: föndur, leikir, söngur, útivera og hópefli.



Fálkaskátar 10-12 ára

Hið ókannaða. Fálkaskátar stunda öflugt skátastarf. Þeir stunda skemmtilegt útlíf og upplifa ævintýri í útilegum úti í náttúru Íslands.



Dróttaskátar 13-15 ára

Saman. Dróttaskátar njóta lífsins saman. Þeir taka þátt í krefjandi útlífi og starfa með skátum víðs vegar af landinu. Dróttaskátar hitta aðra skáta og skapa stemningu þar sem þeir mæta.



Rekkaskátar 16-18 ára

Farðu alla leið. Rekkaskátar fara oftast í útilegur en sturtu. Allt landið er leiksvæði þeirra og í samvinnu við skáta alls staðar af landinu fjölmenna þeir á atburði og skilja alla eftir agndofa af gleði.



Skátafélagið Landnemar var stofnað árið 1950 og hefur starfað allar götur síðan. Nú starfa í félaginu yfir 150 þátttakendur sem saman stunda öflugt og skemmtilegt skátastarf.

Starfið í ár hefst með skráningu laugardaginn 5. september á milli 14 og 16 á Hverfahátíðinni á Miklatúni og í Skátaheimili Landnema, Háuhlíð 9, 105 Reykjavík, (vestan við Menntaskólann í Hamrahlíð).

Ef einhverjar spurningar vakna er hægt að senda tölvupóst á netfangið landnemi@landnemi.is eða í síma 5610071.

Heimasíða Landnema er www.landnemi.is og eru ýmsar upplýsingar um félagið þar auk mynda frá fyrri starfsárum.



Nánar á www.landnemi.is



Skátastarf hófst árið 1907 á Brownsea eyju við Bretland þegar Baden Powell fór í fyrstu skátaútileguna með nokkra unga drengi. Núna, 101 ári síðar er skátastarf ein stærsta æskulýðshreyfing heims með um 28 milljón þátttakendur.

Skátar fara reglulega í útilegur og dagsferðir. Í þeim reynir á skátana á annan hátt en á fundum. Útilegur eru ævintýri fyrir skáta að fá að vera úti í náttúrunni, fjarri skarkala borgarinnar í skemmtilegum leikjum og útiveru.

Í júní, ár hvert, halda Landnemar skátamót úti í Viðey. Þar koma saman skátar af öllum aldri og upplifa sannkallað skátaævintýri. Myndir af mótinu er að finna á heimasíðu félagsins.

Á næsta ári verður skátafélagið Landnemar 60 ára og munum við fagna því innilega 9. janúar.

